

Jólaspjall Þjóðfræðistofu 19. desember 2009, kl. 13

Laugardaginn 19. desember mun Þjóðfræðistofa blása til þjóðfræðipings, útgáfuhófs og menningardagskrár. Auk þess að miðla af rannsóknum verður leikin tónlist, sýndar kvikmyndir og haldið upp á nýjar útgáfur. Þá munu höfundar lesa upp úr nýútgefnum bókum. Jólaspjallið verður haldið í Bragganum á Hólmavík en Café Riis býður upp á létt jólahlaðborð á vægu verði. Sjá dagskrá á www.icef.is.

Á dagskrá Jólaspjallsins

- Kristinn Schram forstöðumaður Þjóðfræðistofu segir frá starfseminni á árinu
- Óli Gneisti Sóleyjarson þjóðfræðingur segir frá nýútkominni bók sinni *Eve Online* sem gefin er út af Þjóðfræðistofu
- Jón Þór Pétursson þjóðfræðingur segir frá doktorsrannsókn sinni og rannsóknarverkefni Þjóðfræðistofu um íslenska matarhefð
- Katla Kjartansdóttir verkefnastjóri á Þjóðfræðistofu, segir frá samtímasöfnun á leikjum íslenskra barna
- Sigurður Atlason framkvæmdastjóri Strandagaldurs kynnir samstarfsverkefni um jólaendurminningar Strandamanna
- Jón Jónsson menningarfulltrúi og þjóðfræðingur flytur jólahugvekju
- Söngflokkurinn *Fúmm fúmm fúmm* flytur jólalög
- Höfundar lesa upp úr jólabókum
 - Vilborg Davíðsdóttir – Auður
 - Eiríkur Örn Nordahl – Gæska
- Heimildamyndin *Leitin að Gísla Suurinpojka*

Fjölbreytt ferðaþjónusta á svæðinu. Frekari upplýsingar á vefsíðu Þjóðfræðistofu www.icef.is, í netfanginu dir@icef.is og hjá forstöðumanni í síma 8661940.

Nánar um nokkra dagskrárliði:

Hefðir og ímyndir norðursins

Rannsóknir Þjóðfræðistofu á hefðum og ímyndum norðursins hafa vakið talsverða athygli fjölmiðla undanfarið. Þ.m.t fyrirlestur Kristins Schram, forstöðumanns Þjóðfræðistofu, “Að innbyrða útrásina” sem fluttur var á ráðstefnunni *Þjóðarspeglinum*. Erindið var svo gefið út sem grein í ritinu *Rannsóknir í Félagsvísindum X* en eintak af því má nálgast hjá Þjóðfræðistofu og Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Sagt verður frá útgefnu efni og væntanlegum útgáfum í tengslum við rannsóknir þessar.

Sama má segja um rannsóknir Jóns Þórs Péturssonar þjóðfræðings en hann vinnur að rannsókn og bók um matarmenningu ásamt Þjóðfræðistofu.



Leikir barna í nútímanum




Viltu vera mem? Eigum við að koma í ripp rapp rúrí eða sí sí kom pleimó? Hvaða leikir finnast börnum skemmtilegir? Hvaða hlutverki gegna leikföng í leikjum þeirra heima eða í skólanum? Þetta er meðal þeirra spurninga sem reynt verður að svara í verkefninu Samtímasöfnun – leikir barna. Þjóðfræðistofa, í samstarfi við Þjóðminjasafn Íslands, Byggðasafn Árnesinga, Byggðasafn Reykjaness, Lækningaminjasafn Íslands, Minjasafn Austurlands, Minjasafn Akureyrar og Minjasafn Reykjavíkur stendur fyrir

samtímasöfnun um leiki barna í upphafi 21. aldar. Markmiðið er að safna fróðleik um leiki barna, ásamt leikföngum og ljósmyndum. Söfnunin mun ná til nemenda í nokkrum 5. bekkjum víðsvegar um landið. Samstarf safnanna sem taka þátt gerir þeim kleift að standa að víðtækri söfnun sem veitir einstaka innsýn inn í þennan þátt í lífi barna á okkar tímum. Hvernig eiga söfn að safna samtímanum? Hvað viljum við velja sem heimildir um okkar samtíma fyrir kynslóðir framtíðar? Í þessu verkefni verður stuðst við aðferð, kennd við samdok, sem þróuð hefur verið í Svíþjóð. Felst hún í að velja einhvern þátt samfélagsins og safna heimildum, s.s. þjóðháttum, ljósmyndum og gripum, sem sameiginlega geta gefið heildstæðari mynd en ella. Fyrirhugað er að kynna niðurstöður verkefnisins með útgáfu og sýningu sem sett verður upp hjá öllum söfnunum.

Þjóðfræðistofa gefur út bókina *Eve Online: Leikir, sköpun og samfélög*

Þjóðfræðistofa gefur út bók þjóðfræðings Óla Gneista Sóleyjarsonar sem byggð er á mastersrannsókn á íslenska tölvuleiknum *Eve Online*. Ber hún nafnið *Eve Online: Leikir, sköpun og samfélög* en aðalumfjöllunarefni hennar eru samfélögin sem skapast í tölvuheimi leiksins. Um leið er fjallað um hvernig spilarar taka þátt í að skapa heim sinn með því að nota hugmyndaflugið og sköpunarkraft. Þar að auki er fjallað um upphaf og þróun tölvuleikja.

Bókin er ætluð öllum þeim sem hafa áhuga á netsamfélögum almennt og *Eve Online* sérstaklega, hvort sem það eru fræðimenn, tölvuleikjaspilarar, eða jafnvel foreldrar og makar sem vilja forvitnast um heim sem er þeim að mestu lokaður.



Leitin að Gísla - heimildamynd um slóðir Gísla sögu Súrssonar.

Eitt fyrsta verkefnið sem unnið hefur verið að innan vébanda Þjóðfræðistofu er heimildamynd um slóðir Gísla sögu Súrssonar. Tökum á myndinni lauk sumarið 2008. Í myndinni er leitað svara við því hvaða merkingu Gísla saga Súrssonar hefur í huga nútímafólks og ekki síst Vestfirðinga. Fjallað er um með hvaða hætti leitað er fanga í söguöld til að komast af í nútímanum og hvernig sjálfsmyndir kunna að byggja á fornum frásögnum en jafnframt aðkallandi viðfangsefnum hins daglega lífs. Í myndinni er farin sú leið að sýna vettvangsferð tveggja þjóðfræðinga á slóðir Gísla sögu og tengist hún rannsóknarverkefnum þeirra. Finnski þjóðfræðingurinn Joonas Ahola hefur að undanfögnu rannsakað nútímaviðtöku útlagaminnisins í Íslendingasögum.

Jóladagatal

Í tengslum við hið árlega jóladagatal Strandagaldurs stóð Þjóðfræðistofa fyrir söfnun jólaminninga Strandamanna á öllum aldri. Jóladagatalið fór að venju í birtingu á *strandir.is* þann 12. desember og verður birt eitt myndband á dag fram að jólum. Jóladagatalið verður síðan hægt að skoða fram á þrettándann. Að þessu sinni hafa þrettán valinkunnir einstaklingar á aldrinum 29 til 88 ára ljáð jóladagatalinu jólaminningar sínar og munu því birtast minningarbrott frá jólum sem taka yfir stóran hluta síðustu aldar. Upptökur fóru fram í Steinhúsinu á Hólmavík.



Bragginn

Gamla félagsheimilið, „Bragginn“, var á árum áður miðstöð félagslífs á Hólmavík. Nokkrir athafnasamir menn tóku sig til eftir stríðið og keyptu samkomubragga hernámsliðsins á Reykjum í Hrutafirði. Braggann fluttu þeir síðan til Hólmavíkur og reistu þar sem samkomuhús til bráðabirgða. Þar voru sýndar kvikmyndir, haldnir dansleikir, sýnd leikrit, dansað og sungið. Fimmtíu árum síðar var enn líf og fjör í Bragganum, en á tíunda áratug 20. aldarinnar var byggt nýtt samkomuhús á Hólmavík sem leysti þá braggann af hólmi. Er ekki laust við að margir Hólmvíkingar sjái eftir

því magnaða samkomuhúsi og telji að önnur eins stemning og þar var á stundum náist aldrei aftur. Árið 1998 var hafist handa við endurbyggingu Braggans og stóðu þær endurbætur yfir allt til ársins 2002 en þá var hann opnaður að nýju í sinni upprunalegu mynd.

